

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða sé 8 daga einfalt fangelsi. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málfutningsmannanna Guðm. Eggerz og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 42/1905:

Dagbjartur Einarsson  
 gegn  
 Kristjáni Þorgrímssyni

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu Kristján Þorgrímsson gegn áfrýjanda til greiðslu á 200 kr., er H. P. Duus verzlun í Keflavík taldi til hjá áfrýjanda, en sem nefnd verzlun hefir framselt stefnda Kristjáni Þorgrímssyni. Málið var dæmt í héraði 25. okt. f. á. með þeim úrslitum, að

Dagbjartur Einarsson skyldi vera sýkn af kröfum Kristjáns Þorgrímssonar í málinu, ef hann synjaði fyrir það með eiði, að hann 19. eða 20. ágúst 1904 hefði fengið meira en 300 kr. útborgaðar í peningum hjá Duus verzlun; en ynni hann eigi svofeldan eið, skyldi hann greiða stefnda, Kristjáni Þorgrímssyni, 200 kr. með 5% vöxtum frá 19. ág. 1905 til borgunardags og 30 kr. í málskostnað. Ynni hann eiðinn skyldi málskostnaður falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags 9. des. f. á. og krafist: að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur eða honum breytt og hrundið þannig að hann verði algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda án þess að hann þurfi nokkurn synjunareid að vinna; og að áfrýjanda verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati réttarins. Hinsvegar hefir stefndi krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskosnað eftir mati réttarins.

Atvik málsins eru þessi: 19. eða 20. ágúst 1904 beiddi áfrýjandi Duus verzlun í Keflavík að láta sig fá 500 kr. í peningum. En hann fekk — að því hann segir — að eins 300 kr. 10. sept. næst eftir kom hann til verzlunarinnar og beiddi um að fá gjörðan upp viðskiftareikning sinn við verzlunina. Var það gjört, og voru honum þá útborgaðar 260 kr., sem var það, sem hann hér um bil átti til góða eftir höfuðbókinni, en samkvæmt henni hafði hann 20. ágúst fengið útborgaðar 300 kr. í peningum. En sama dag var, að því stefndi segir, farið að bera saman bækurnar, dagbókina (Kladden) og fleiri við höfuðbókina; hafði þá

komist upp, að ritað hafi verið skakt í höfuðbókina, 300 kr. í stað 500 kr., hafi svo áfrýjanda verið gjört aðvart um þetta og skorað á hann að endurborga mismuninn eða 200 kr., en hann hafi neitað því, og út af þessum 200 kr. er mál þetta upphaflega risið.

Það er nægilega upplýst í málinu, enda er það ómótmælt borið fram í undirréttinum af stefnda hálfu, að útborgunin til áfrýjanda 20. ágúst 1904 hafi, þegar hún átti sér stað, verið innfærð af verzlunarstjóranum í aðaldagbók (Kladde) og kassakladde verzlunarinnar — en á báðum stöðunum er hún talin hafa verið 500 kr. — en úr þeim bókum hafi útborgunin síðar af öðrum manni verið færð inn í höfuðbókina, þar sem hún að eins er talin 300 kr. En þar sem tilfærslan í höfuðbókinni er þannig undirkominn, verður ekkert bygt á henni. Það eru tilfærslurnar í hinum bókunum »kladde« og »kassakladde«, sem í þessu máli einar geta haft þá þýðingu sem sönnunargögn, er reglulega og samstundis ritaðar verzlunarbækur hljóta að hafa vegna viðskiftalífsins, og þar sem ekkert það er fram komið í málinu, er dragi úr þýðingu téðra verzlunarbóka, þá verður að fallast á það álit undirdómarans, að þær líkur séu fram komnar fyrir því, að áfrýjandi hafi fengið útborgaðar við umrætt tækifæri 500 kr. en ekki að eins 300 kr, að rétt sé að láta úrslit málsins vera komin undir eiði áfrýjanda, eins og í hinum áfrýjaða dómi er gjört. Hitt kemur ekki til mála, enda hefir áfrýjandi eigi haldið því fram í málinu, að verzlunin eigi ekki afturkræfar umræddar 200 kr. ef þær reynast útborgaðar áfrýjandanum, því að honum mátti vera það ljóst af eftirriti því af dálki hans í höfuðbókinni, er hann fekk

jafnframt útborguninni 10. sept. 1904, að sú útborgun var byggð á því, að það væri rétt sem í eftirritinu stóð, að hann hefði að eins fengið 300 kr. í fyrra skiftið.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta aukaréttardóminn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum mega niður falla.

### Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagri lagaðför.

Nr. 8/1906:

Sigfús Fymundsson  
gegn  
Lárusi Halldórssyni.

### D ó m u r

Hinn 2. okt. f. á. var fúgetaréttur Reykjavíkur settur á heimili áfrýjanda, Sigfúsar bóksala Eymundssonar í Reykjavík, til þess, samkvæmt kröfu stefnda, Lárusar prests Halldórssonar, að fá fullnægt yfirréttardómi 31. júlí f. á. í máli milli nefndra aðila, en með dómi þeim var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 680 kr. ásamt 5% vöxtum p. a. frá 26. ágúst 1904